

Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 15. stjórnarfundar, haldinn 12. apríl. 2024 í Borgartúni 26 kl. 12:00-13:30.

Mætt voru: Óskar Józefsson gegnum fjarfundabúnað, Hermann Hermannsson, Örn Viðar Skúlason og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Aron Kári Ágústsson, Dagný Lís Davíðsdóttir og Georg Andri Guðlaugsson sátu einnig fundinn.

Hermann Hermannsson vék af fundi á meðan fjallað var um tillögu að kaupum á einni fasteign.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð 14. fundar

Fundargerð 14. fundar samþykkt.

2. Tillaga framkvæmdstjóra um kaup fasteigna

Á fundinum voru kynntar tillögur framkvæmdstjóra um kaup á níu fasteignum í Grindavík. Um er að ræða veðbandalausar eignir. Á fundinum var lagt mat á hvort skilyrði laga um kaupin væru uppfyllt og leiddi skoðun í ljós að svo væri í tilviki átta eigna sem samþykkt var að kaupa. Þar af voru fimm tillögur um kaup á fjöleignarhúsum samþykktar með fyrirvara um að fyrir þurfi að liggja yfirlýsing húsfélags, ef við á, áður en gengið er frá kaupsamningi. Ein eign taldist þurfa nánari skoðun af hálfu félagsins. Afgreiðsla stjórnar var skráð í vinnuskjal stjórnar.

3. Önnur mál

Ákveðið að birta frétt um kaupin á vef félagsins eftir fundinn.

Næsti stjórnarfundur verður mánudaginn 15. apríl kl. 17:00 í Borgartúni 26.

Fleiri ekki rætt og fundi slitið um kl. 13:30.

Óskar Józefsson
Guðrún Þorleifsdóttir
[Signature]